

Notar miðaldatækni í list sinni:

# Gullið er gefandi og fallet efn

— segir Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarmaður sem vakið hefur athygli fyrir sérstæð verk sín

„Ég hef alla tíð verið hrifin af miðaldalist og það má segja að ég til-einki mér hana í list minni. Þessar myndir, sem ég mun sýna á Kjarvalsstöðum, eru figúratífar, málaðar með eggtemperu og blaðgulli á gifslagðar tréplötur. Þetta er eldri málartækni en t.d. olíulitir og ein af þeim elstu sem til eru. Ahugi minn hefur alltaf legið í þeirri list sem var fyrir endurreisn enda var þessi tækni notuð þá. Einnig hef ég málað ikona en það er allt annar hugmyndaheimur á bak við þá list og þess vegna sýni ég hana ekki núna,“ segir Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarmaður sem opnar einkasýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum laugardaginn 16. september. Kristín var með sýningu fyrir áramótin á ikonaverkum í Hallgrímskirkju og vakti þá mikla athygli. Hún hefur einnig verið með sýningu í Nýhöfn og á Akureyri auk nokkurra samsýninga.

Kristín hefur verið við nám og störf í Flórens á Ítalíu í sjö ár en áður lærði hún ikonalist í klaustri Fransiskusystura í Róm í tæpt ár. Verk hennar þykja mjög sérstök enda sjaldgæft að íslenskir listamenn fái við þessa gerð myndlistar.

Kristín segir að þó hún temji sér aldagamla listtækni séu það hennar hugmyndir sem hún vinni með. Svo virðist vera sem trúin komi nokkuð fram í verkum hennar en hún segir svo ekki vera. „Ég myndi ekki segja að trúin sé sterk í mínum nýjustu myndum en ikonarnir eru helgi-myndir,“ segir hún. „Það er ekki markmið hjá mér að vera með helgi-myndir, hins vegar finnst mörgum trúarlegur blær á myndunum þar sem þær eru tímalausar og kyrrar.“

## Uppalín á Akureyri

Kristín er fædd og uppalín á Akureyri en segist ung hafa haft mikinn áhuga á teiknun. Hún var aðeins tólf ára þegar hún fór á námskeið hjá Myndlistarskólanum á Akureyri. Því námi hélt hún síðan áfram á Akureyri en lauk því í Myndlista- og handíðaskólanum í Reykjavík árið 1987. Þá hélt hún til Róm og lærði hjá systurinum, nam síðan freskumálun og gamlar listhefðir í Akademiunni í Flórens og loks hjá handverksmönnum sem starfa við gamla list en eru ekki að skapa hana.

— Hvaðan kemur áhuginn á þessari gömlu list?

„Í rauninni hef ég enga sérstaka

skýringu á því. Ég hef alltaf verið heilluð af þessari list, mér finnst hún falleg, leyndar-dómsfull og merkileg. Líklegast höfðar hún mest til fegurðartilfinningarinnar. Ég var alin upp við mikla tónlist þannig að list var alltaf í kringum mig. Hins vegar kynntist ég ekki málalistinni fyrir en ég fór að sækja námskeiðin. Það var mér mjög eðlilegt að leggja þetta fyrir mig. Mér hefur alla tíð þótt skemmtilegast af öllu að mála og teikna.“

## Lærði í klaustri

— Hvernig datt þér í hug að fara í klaustur?

„Ég ákvað þegar ég var barn að prófa einhvern tíma á lífsleiðinni að dvelja í klaustri án þess að gerast nunna. Ég hef líka haft áhuga á trúmálum, öllum trúarbrögðum. Það var ekki ætlun mín að fara til Ítalíu, hugarinn stefndi frekar á Norður-Evrópu. Þetta áxlaðist þó þannig og ég kunní vel við mig á Ítalíu frá fyrsta degi. Meðan ég bjó í Róm heimsótti ég Flórens og gömlu söfnin þar heilluðu mig. Mér fannst ég þurfa að kynna þessum heimi betur og þess vegna ákvað ég að fara þangað í nám. En upphaflega hafði ég samband við kaþólsku kirkjuna og spurði hvort ég gæti komist í klaustur einhvers staðar í heiminum. Þá var fyrir tilviljun stóð abbadís þessa klausturs í Róm hér á landi í tvo



Kristín Gunnlaugsdóttir hefur vakið athygli fyrir myndir sínar sem þykja mjög sérstakar enda vinnur hún með aldagamla listtækni.


DV-mynd PÖK



Englar.



María og barnið.



Heyrnarlaus.

daga. Ég fékk að hitta aðstoðarmenn hennar og sagði að mig langaði mjög til að kynna klausturlífi. Þetta klaustur hafði aldrei tekið gesti eða óviðkomandi starfsfólk og abbadís sagðist aldrei fyrr hafa fengið slíka ósk. Hún sagði að þar sem ég væri fyrir tilviljun stóð í Reykjavík í tvo daga og hún líka hlyti þetta að hafa átt að gerast. Það voru 200 nunnur í þessu klaustri og ég fékk að mála eins og mig langaði til. Í staðinn hjálpaði ég við húsverkin. Ég fékk að vinna á efstu hæð klaustursins ásamt fjórum nunnum sem allar máluðu líka. Þær voru að mála blessunarkort frá páfanum og alls kyns

ar sem ég byrjaði að mála litlar myndir líka og fara frjállega með þessa tækni.“

## Lifir á listinni

— Hvernig er þessi tækni?

„Fyrst tekur maður tréplötu sem gífs er sett á með kanínulími. Síðan er það þússað eftir kúnstarinnar reglum þannig að það verði algjörlega slétt. Ef notað er blaðgull er það sett á með fiskalími og leir og síðan þússað upp með agatsteini, síðan er málað með litadufti og eggjarauðu. Þessi tækni hentar vel í litlum myndum en ekki stórum.“

Kristín seldi tvö stór verk til Hallgrímskirkju eftir sýninguna þar. Einnig hafa margir einstaklingar keypt af henni ikonaverk. Þá seldi hún mynd sem hangir fyrir ofan skrifborð borgarstjórans í Reykjavík. Hún segist lifa á listinni og öll verk sem sýnd verða á Kjarvalsstöðum eru til sölu. „Aðallega mála ég mín eigin verk en mér finnst gaman að hafa íkonana með inni á milli. Það er mikil hvíld að vinna þá og heimspeki íkonanna tengist því sem ég er að gera.“

Ég hef gaman af misjöfnum formum og er ekki endilega að mála á ferkantaðan flöt. Ég mála trékúlur og verð með tvær slíkar á sýningunni. Einnig er ég með fristandandi verk sem eru með mynd beggja vegna og nokkrar aðrar útfærslur.“

## Eins og sólin

Kristín kynntist sambýlismanni sínum, sem er Íri, á Ítalíu. „Við leigðum saman íbúð í Flórens og ég segi stundum að við leigjum saman enn. Hann er mikill tungumálamaður og ætlar núna að læra íslensku. Mér fannst kærkomið að hvíla mig aðeins á Ítalíu og koma heim aftur þó ég sé ekki viss um að við setjumst hér að,“ segir hún.

— Ertu hrifin af gulli?

„Já, ég er veik fyrir því. Íslendingar eru mjög viðkvæmir fyrir öllu sem er skrautlegt og sumir hafa skammað mig fyrir að nota gull. Mér finnst hins vegar þetta svo mikill eðalmálur að ég gæti eins verið að vinna með sólinu. Gullið er gefandi og fallet efn en dýrt. Stundum átti ég peninga fyrir gulli en ekki fyrir mat.“